

FYLGISKJAL NR. 4001

DAGS 02.06.1970

SAMANTEKT:

Hér er um afsal að ræða þar sem Viggó Valdimarsson afsalar Sverri Haraldssyni (föður Haraldar Sverrissonar) og Knúti Bruun nýbýli sitt.

Svo segir í 8. mgr. afsalsins:

Samkvæmt ofanrituðu lýsi ég því hér með yfir að Sverrir Haraldsson og Knútur Bruun eru réttir og lögmætir eigendur ofangreinds nýbýlis ásamt erfðaleiguréttindum svo og öllum mannvirkjum og öllu öðru, sem eign þessari fylgir og fylgja ber.

Hér kemur skýrt fram að ekki er um eignarland að ræða. Sé litið á fylgiskjal nr. 1012, dags. 22.11.2001 má sjá þar álit frá Lex lögmannsstofu en þar segir m.a. varðandi eignarnám og eignarnámsbætur lóða í landi Mosfellsbæjar:

Við ákvörðun eignarnámsbóta er meginreglan sú að styðjast við markaðsverð eða hugsanlegt söluverðs þess sem tekið hefur verið eignarnámi, sé þess kostur. Reynist sú leið af einhverjum ástæðum ekki fær, er hugsanlegt að nota aðrar aðferðir, t.a.m. að taka mið af kostnaði eignarnámsþola við að koma sér upp sambærilegri eign eða meta notagildi þess eignarnumda fyrir eignarnámsþola til peningaverðs. Við matið verður að taka mið af framtíðarnotkunarmöguleikum landsins og þeirrar verðhækkunar sem orðið hefur á byggingarlóðum á síðustu árum. Þar sem í þessu máli er um að ræða

